

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr sýslusjóði (eftir atvikum úr hreppssjóði), að því að laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 47/1958, um skipting læknishéraða í þrjá launaflokka.

1. gr.

Í 1. gr. I komi nýr töluliður nr. 39: Seyðisfjarðarhérað.
4. töluliður í sömu gr. III falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 19. maí 1962.

F. h. r.

Baldur Möller.

Elias Eliasson.